

framför manna, að þeir sameini lífsþekking sína og hina trúarlegu skoðun í eina samstæða hugsanafræðislega heild. Að í siðalærdómi leggi þeir ekki eitt til grundvallar og annað aftur í trú. En hver sem reynir það nú, hann getur ekki annað orðið en Unitari. Ef þessi alheimur vor er einnig einheimur, svo eru öflin öll hin sömu er í honum eru verkandi á öllum tímum. Það er ekki kraftaverk í dag og vanmáttur á morgun. Ekki réttlætning af trú til fyrirgefningar syndanna, því sem menn hafa misgjört, og einnig réttlætning af verkunum til fullnægingar og yfirbótar glæpnum þeim, sem menn hafa drýgt, sem er einnig misgjörð. Það verður að vera eitt og hið sama alstaðar. Það er tjón að deila sundur trú og þekkingu, hvortveggja farartálmi að fullkomnunar takmarkinu. Trúin verður að vera lifandi lífsskoðun, sprottin frá þekkingu og lífsreynslu mannanna allra, þeirra sem lifðu um þúsundir liðinna ára og þeirra sem lifa í þúsundir komandi alda. Trúin verður að haldast í hönd með mannlegu lífi, og það gjörir trú vor og þess vegna erum vér þeirrar trúar. Hún kvíðir engu, sem sannleikurinn kann í ljós að leiða um ókomna öld, engum breytingum, engri bylting í stefnu eða hugsunarhætti manna, því hún fylgist alltaf með mönnum, hvar sem þeir verða staddir á veginum, og heilsar með vorum fegurstu og fremstu sonum með „fögnuði vagninum þeim, sem eitthvað í áttina lifur.“ Fullviss að það verður sannleikurinn sem sigrar „og guð sem mun gefa okkur landið.“

Himinn og Víti.

Eftir STEFÁN SIGFÚSSON.

[Niðurl.]

Þá er eftir að skoða hvernig menn hafa hugsað sér og skapað sér himinn og víti, hvort fyrir sig. Vér rekum oss strax á, að þessi hugtök hvert fyrir sig eru svo sem samfallandi við loftslagið á jörðunni, þau mega heita borin af því.